

um breyting á lögum nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Hermann Jónasson, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir g-lið 10. gr. laganna kemur nýr staflíður, svo hljóðandi:

h. Framlag til skóggæðslu eftir þessum reglum:

1. Land, sem tekið er til skógræktar, má ekki vera minna en 6 ha samfellt land, og verður skattgreiðandi að hafa full umráð landsins. — Skóggæðsla telst ræktun birkis og annars trjágróðurs á skóglausu landi og gróðursetning eða sáning barrviða í birkiskóglendi.
2. Leggja ber fram vottorð frá skógræktarstjóra eða fulltrúa hans um, að landið sé vel fallið til skóggæðslu og að það sé girt traustri, sauðheldri girðingu.
3. Á næsta ári eftir að skattgreiðandi hefur gróðursett að fullu að minnsta kosti 1 hektara landsins samkvæmt vottorði skógræktarstjóra eða fulltrúa hans, er skattgreiðanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum fjárhæð, er nemi  $\frac{2}{3}$  hlutum af gróðursetningarkostnaði að viðbættum  $\frac{2}{3}$  af þeim hluta girðingarkostnaðar, sem fellur á það land, sem gróðursett er í, miðað við flatarmál hins umgirta svæðis. Frádráttur þessi má þó aldrei nema meiru en 3600 kr. á ári. Fjármálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, nánari reglur um þetta atriði. Í reglunum skal tekið tillit til kostnaðar við gróðursetningu mismunandi trjategunda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Skógræktarfélags Íslands og í samræmi við samþykktir þess árið 1949.

Öllum er ljós nauðsyn þess, að skógrækt verði aukin hér á landi. Enda þótt framlög ríkissjóðs til skógræktar hafi aukizt verulega hin síðari ár, verður viðunandi árangri ekki náð nema einstaklingar og félagasamtök leggi hér hönd á plóginn.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að hvetja einstaklinga til að leggja fram vinnu og fjármuni til skóggæðslu, og er lagt til, að það sé gert á þann hátt, að þeir njóti frádráttar skattskyldum tekjum fyrir hluta af því fé, sem til skóggæðslu er varið.

Sú kynslóð, er gróðursetur skóg, nýtur ekki sjálf fjárhagslegs hagnaðar af því starfi. Það eru síðari kynslóðir, er uppskera ávextina af skóggæðslunni, og er því skattaívilnun þessi fullkomlega á rökum reist.

Það er að sjálfsgöðu álitamál, í hversu stórum stíl skóggæðsla þurfi að vera til þess, að hlutaðeigandi skóggæðslumaður geti notið skattaívilnunar. Í frumvarpinu er miðað við, að skógræktarlandið sé ekki minna en 6 ha, og koma því eigendur venjulegra sumarbústaða hér ekki til greina.

Framkvæmd þessara laga yrði nánar tilgreind með reglugerð, þar sem skilyrði væru sett fyrir því, hvernig menn geti öðlazzt þennan rétt. Að sjálfsgöðu yrðu skilyrðin m. a. þessi: — Land það, sem tekið er undir skóggæðslu, skyldi valið af skógræktarstjóra eða fulltrúa hans. — Leiðbeiningum þeirra verður að hlíta í aðalatriðum um plöntuval og aðferðir við gróðursetningu. — Frádráttur í skatti kemur þá fyrst til greina, er þessum fyrirmælum hefur verið hlýtt og gróðursett hefur verið í a. m. k. 1 ha lands, og mætti frádráttur ekki fara fram aftur, fyrir en gróðursett hefði verið í ákveðna spildu í viðbót og svo koll af kolli, unz fullsett er í landið.

Til skýringa má geta þess, að kostnaður við gróðursetningu í 6 ha lands með verðlagi því, sem nú er, mun vera um kr. 20 000.00—30 000.00, og þar af er girðingarkostnaður kr. 5000.00. — Gróðursetningarkostnaður er breytilegur eftir því, hvaða trjategund er ræktuð og hve gamlar plöntur eru notaðar. — Árið eftir að girt er og gróðursett í 1 ha, geta kr. 3 600.00 komið til frádráttar skattskyldum tekjum og svo áframhaldandi sama upphæð, ef haldið er jafnt og þétt áfram við plöntun í landið, unz plöntun er að fullu lokið.

Sé um stærra land að ræða en 6 ha, verður girðingarkostnaður hlutfallslega lægri, en frádráttur kemur þá lengur til greina.

Loks skal þess getið, að með gróðursetningu barrtrjáa skapast mikil og varanleg verðmæti í landinu, en eigendur þeirra verða að fara með þau eins og lög standa til, en það segir, að þau má ekki uppræta, heldur aðeins hagnýta eðlilegan vöxt.